

Fundargerð 111. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 2. mars 2026, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Sóknaráætlanaverkefni til staðfestingar
2. Áhersluverkefni – sýnileiki
3. Hvítbók byggðamála – drög að aðgerðaáætlun
4. Önnur mál

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Áshildur Linnet (FRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MNH), Dagný Arnarsdóttir (URN), Guðjón Björn Guðbjartsson (FOR), Guðný Hrafnkelsdóttir (ATRN), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Margrét Erlendsdóttir (HRN), Óli Halldórsson (MNH), Páll Brynjarsson (SSV), Sigríður Eysteinsdóttir (UTN), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun), Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu), Þór Hauksson Reykdal (MRN) og Heba Guðmundsdóttir, verkefnastjóri (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Formaður bauð Dagnýju Arnarsdóttur velkomna í stýrihópinn en hún hefur tekið sæti Magnúsar Agnesar Sigurðssonar, fyrir hönd umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

Formaður setti fundinn og hóf boðaða dagskrá.

Páll Brynjarsson kom inn á fundinn eftir fyrsta dagskrárlið.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Sóknaráætlanaverkefni til staðfestingar

Fyrir fundinn höfðu fulltrúar fengið til yfirlestrar áhersluverkefni frá sex landshlutasamtökum en eitt af verkefnum stýrihópsins samkvæmt erindisbréfi er að staðfesta áhersluverkefni landshluta. Sá háttur er hafður á að fulltrúar ráðuneyta skoði sérstaklega vel þau verkefni sem tilheyra ábyrgðarsviði þeirra og eftir atvikum upplýsa sitt samstarfsfólk um þau.

Fyrir fundinn lágu til staðfestingar samtals þrjátíu og fimm áhersluverkefni, tíu verkefni frá SSH, fjögur frá SSV, átta frá SSNV, eitt frá SSNE, tíu frá SSA og tvö frá SASS. Góð umræða var um verkefnin sem öll voru staðfest af hálfu stýrihópsins, nokkur með ábendingum.

2. Áhersluverkefni – sýnileiki

Á síðasta fundi stýrihópsins var sýnileiki áhersluverkefna til umfjöllunar, hvernig má betur sýna fram á árangurinn og hverju þau hafi verið að skila. Hólmfríði, Páli og Hebu (og fleirum hjá Byggðastofnun, eftir þörfum) var falið að hefja vinnu við það að finna leiðir til að auka sýnileika áhersluverkefna.

Verkefnastjóri kynnti drög að áætlun um sýnileika áhersluverkefna.

3. Hvítbók byggðamála – drög að aðgerðaáætlun

Formaður kynnti þá vinnu sem er í gangi við hvítbók byggðamála sem meðal annars fela í sér drög að aðgerðaáætlun. Við þá vinnu er leitað eftir nánu samstarfi við öll ráðuneyti. Góðar umræður sköpuðust. Áætlað er að tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðáætlun fyrir árin 2027-2041 og fimm ára aðgerðaáætlun verði lögð fyrir Alþingi haustið 2026.

4. Önnur mál

Samkvæmt áætlun er næsti fundur stýrihópsins á dagskrá 6. apríl nk. sem er annar í páskum. Formaður lagði til að færa fundinn um viku og verður næsti fundur haldinn 13. apríl í staðinn. Annað var ekki rætt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:52.